



ÁRSKÓGARSKÓLI LEIK- OG GRUNNSKÓLI DALVÍKURBYGGÐ



Innra mat



Árskógarskóli leik- og grunnskóli
Skólaárið 2023-2024

Júní 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Samantekt	6
Skólanámskrá/starfsáætlun.....	6
Helstu verkefni skólaárið 2023-2024	7
Markmið og tilgangur mats á skólastarfi.....	8
Aðferðir og framkvæmd matsins.....	8
Kannanir	9
Starfsmannakönnun Skólapúls:	9
Samantekt	11
Foreldrakönnun Skólapúlsins.....	12
Leikskóli:.....	12
Samantekt	13
Grunnskóli	14
Samantekt	16
Tengslakönnun	16
Fundir og viðtöl.....	16
Kennarafundir.....	16
Teymisfundir með foreldrum	17
Samráðsviðtöl leikskólastigs	17
Samráðsviðtöl á grunnskólastigi	17
Starfspróunarsamtöl	17
Starfspróun kennara.....	18
Próf og skimanir	18
Hljóm 2.....	18
Orðaskil	18
TRAS.....	19

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

MIO	20
Íslenski máhljóðamælirinn	20
Þroskalisti leikskólastigs	21
Stafa- og hljóðakönnun	21
Lesfimi Lesferils	21
Lesskimun Lesferils	22
Stærðfræðiskimun	22
Orðarún.....	22
Ábyrgð og þátttaka nemenda.....	23
Nemendaráð	23
Matsmöppur	23
Öryggisþættir.....	23
Sérkennsla/stuðningur	24
Grænfáninn.....	24
Námsmat.....	25
Skil skólastiga	25
Vitnisburður á grunnskólastigi	25
Starfsáætlun.....	25
Teymiskennsla og leiðsagnarnám - þróunarverkefni	26
Umbótaáætlun	27
Lokaorð	39

Inngangur

Þá er 12. starfsár Árskógarsskóla, leik- og grunnskóla senn á enda. Fyrir hvert starfsár er matsáætlun endurgerð og matsþættir bætast við eða breytast í takt við þróun skólans. Áætlunin er í sífelldri þróun og markmiðið alltaf að gera betur með því að skoða alla þætti skólastarfsins, meta þá og bæta það sem betur má fara en byggja á því sem vel er gert.

Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008 og grunnskóla 91/2008* er gert ráð fyrir bæði innra og ytra mati og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum, s.s. sveitarfélögum og/eða Menntamálaráðuneyti. Samkvæmt upplýsingaskyldu um skólahlald segir í Aðalnámskrá grunnskóla: Hver grunnskóli skal með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til umbóta. Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fram fer í viðkomandi skóla. Skýra stefnu skal móta í samræmi við grunnþætti í menntun, markmið og áherslupætti grunnskólalaga, ákvæða í aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers skóla sem fram kemur í skólanámskrá. Í skólanámskrá skal svo gera grein fyrir áherslum og áætlunum um innra mat.

Innra mat á að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróunar á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skóla og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat, þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu, stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Stjórnendur og starfsfólk funda eins og þörf krefur til að meta niðurstöður innra mats og vinna í framhaldinu að tillögum til úrbóta. Niðurstöður innra mats eru nýttar til jákvæðrar þróunar skólans.

Skýrslan er unnin af stjórnendum í júní 2024.

Friðrik Arnarson, skólastjóri

Helga Lind Sigmundsdóttir, deildarstjóri

Samantekt

Í þessari sjálfsmatsskýrslu Árskógarsskóla vegna 12. starfsárs er samantekt á helstu niðurstöðum og því mati sem framkvæmt var. Í vetur voru 13 starfsmenn við störf í átta stöðugildum, 16 börn á leikskólastigi og 18 börn á grunnskólastigi í 2.-7. bekk. Skólastjóri er Friðrik Arnarson og deildarstjóri er Helga Lind Sigmundsdóttir sem er jafnframt staðgengill skólastjóra og mynda þau tvö stjórnunarteymi skólans. Skólinn er sífellt að þróast og mótast og áætlun um innra mat og sjálfsmatsskýrsla er lykilþáttur í mati sem segir til um næstu skref skólans. Áætlunin er í sífelldri þróun og ýmsir matsþættir ráðast hvern vetur af samsetningu nemendahóps.

Skólanámskrá/starfsáætlun

Árskógarsskóli starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Einnig vinnur Árskógarsskóli að innleiðingu á Menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021-2026 sem samþykkt var í sveitastjórn í júní 2021. Menntastefnan ber heitið *Í hverju barni býr fjársjóður* og tekur hún mið af grunnpáttum menntunar og framtíðarsýn í menntun barna og unglinga. Grunnpættir menntunar eru ***læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun***. Allir hagsmunaaðilar komu að gerð stefnunnar sem var unnin undir stjórn Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.

Árskógarsskóli leitast við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum með það að markmiði að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Þessi misserin stendur yfir innleiðing teymisvinnu í Árskógarsskóla og er markmiðið að auka samvinnu og samábyrgð kennara og starfsfólks. Teymisvinna felst m.a. í að kennarar velja í samvinnu þær leiðir í kennslu sem bestar þykja til að bæta námsárangur nemenda. Þróun teymiskennslu felst í því að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi, þannig er fagvitund og starfsþróun eflað. Síðustu tvö ár hefur verið unnið að innleiðingu teymiskennslu í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og í vetur hófst innleiðing á leiðsagnarnámi.

Árskógarsskóli er Grænfánaskóli og þar með þátttakandi í alþjóðlegu umhverfismenntaverkefni en markmiðið er að auka umhverfisvitund nemenda skólans. Grænfánanum var flaggað í sjötta sinn vorið 2022 og stefnt er á að flagga næst haustið 2024.

Árskógarsskóli hefur unnið eftir Uppbyggingarstefnunni frá byrjun en sú stefna er viðhöfð í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Stefnan hefur það að markmiði að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Í stað þess að stjórna nemendum með refsingu og sektarkennd fá nemendur tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og allri hegðun. Áhersla er á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Allir árgangar gera sjálfir bekkjarsáttmála um hegðun sem nemendur samþykkja að fara eftir. Starfsfólk Árskógarsskóla gerði sér einnig starfsmannasáttmála sem hafður er að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Árskógarsskóli leitast við að vera með fjölbreytt námsmat sem á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem haft er að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Árskógarsskóli metur lykilhæfni með markvissum hætti. Upplýsingar um námslega stöðu nemenda eru sendar heim eftir hverja námsönn sem eru tvær yfir skólaárið.

Helstu verkefni skólaárið 2023-2024

- Stuðningur við innleiðingu teymiskennslu. Teymisstjóri skólaárið 2023-24 var Karen Dögg Úlfarsdóttir Braun. Anna Sigrún Rafnsdóttir frá MSHA stýrði vinnunni og fundaði hálfs mánaðarlega yfir Teams.
- Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri er með samning við fræðslusvið um stuðning við skólann í formi ráðgjafar og stuðnings við innleiðingu teymiskennslu og leiðsagnarnáms. Þeirri vinnu verður haldið áfram næstu ár.
- Báðir kennarar skila kennsluáætlunum fyrir skólaárið samkvæmt samræmdu eyðublaði sem skal birta á heimasíðu skólans.
- Samstarf var áfram við Tónlistarskólann á Tröllaskaga sem sá um tónmenntakennslu í skólanum.
- Unnið var að því að bæta verkferla skólans varðandi agamál og unnið að því að allir í skólasamfélaginu fylgi Uppbyggingarstefnunni og hafi sömu sýn á ófrávíkjanlegar reglur og skýr mörk.

Markmið og tilgangur mats á skólastarfi

Markmiðið með mati er að bæta og ígrunda skólastarf. Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Í innra mati er unnið út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að ná betri árangri?

Í vetur starfaði ekkert formlegt matsteymi/gæðaráð við skólann. Gagna var aflað á hefðbundinn hátt með spurningakönnunum til foreldra og starfsmanna í gegnum Skólapúlsinn. Nemendakönnun var ekki gerð í gegnum Skólapúlsinn vegna þess hve fáir nemendur eru í skólanum og ekki talið að hægt sé með góðu móti að tryggja persónuvernd. Á næsta ári er stefnan að mynda gæðaráð.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Þær leiðir sem voru farnar til að afla gagna voru mismunandi. Lagðir voru spurningalistar fyrir foreldra í gegnum Skólapúlsinn. Kennsluáætlanir eru rýndar og skoðaðar af stjórnendum og hafa þær verið í þróun síðustu ár. Í öllum bekkjum Árskógar skóla eru tekin stöðluð lestrarpróf frá Menntamálastofnun, Lesferill, og er það hluti af mati skólans. Skólinn er með tvo samráðsdaga heimilis og skóla á hverju skólaári og eftir þessa daga þurfa umsjónarkennarar að koma skriflegum upplýsingum til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir hafa komið fram í viðtölum. Teymi hafa fundað og rætt það sem gengur vel og það sem hægt er að bæta.

Annað námsmat er framkvæmt af kennurum Árskógarsskóla og eru upplýsingar um námslega stöðu sendar heim tvisvar yfir skólaárið. Skipulagðir teymisfundir eru vikulega þar sem að teymið tekur fyrir vissa umræðupunkta sem koma frá stjórnendum og/ eða teymisstjórum og eru niðurstöður af fundinum skráðar í fundargerð sem er hluti af mati skólans.

Kannanir

Starfsmannakönnun Skólapúls:

Starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins var lögð fyrir í mars 2024. Svarhlutfall var 78,6%. Spurt er um 7 þætti og má sjá niðurstöður hér að neðan.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	3,8	11	-1,4	4,7	1.339	-0,9*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,3	11	1,1	4,9	1.335	0,4
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,0	11	-1,6	4,8	1.339	-0,8*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,2	11	0,4	5,0	1.338	0,2

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,8	11	-1,1	4,9	1.319	-0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,6	11	-0,5	4,9	1.320	-0,3
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,6	11	-0,5	4,9	1.317	-0,3
2.4. Ræktun mannauðs	4,7	11	0,2	5,1	1.763	-0,4
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	66,7%	6/9	-19,0%	80,6%	999/1239	-13,9%
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	83,3%	5/6	3,3%	88,8%	827/931	-5,5%

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,2	11	0,7	5,2	1.309	0,0
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,6	10	-1,4	4,8	1.262	-0,2
3.3. Stytting vinnuviku	100,0%	10	-	83,8%	903/1077	16,2%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	50,0%	5/10	-	44,3%	399/900	5,7%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,5	11	0,8	5,1	1.303	0,4
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,0	11	0,0	5,1	1.300	-0,1
3.7. Mismunur	5,1	11	-0,6	4,7	1.302	0,4
3.8. Einelti (þú)	0%	0/11	-16,7%	4,2%	55/1322	-4,2%
3.9. Einelti (annar en þú)	0%	0/11	-16,7%	10,7%	141/1314	-10,7%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/11	0,0%	3,2%	42/1314	-3,2%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/11	0,0%	0,8%	10/1327	-0,8%

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	6,2	11	0,9	5,3	1.674	0,9*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,3	11	-0,1	5,3	1.671	0,0
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,3	11	0,2	5,2	1.654	0,1
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	-	-	-	-	-	-
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	-	-	-	-	-	-
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	-	-	-	-	-	-
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	-	-	-	-	-	-
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	-	-	-	-	-	-
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	-	-	-	-	-	-
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	-	-	-	-	-	-
5.7. Hópavinna í bekk	-	-	-	-	-	-
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	-	-	-	-	-	-
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	-	-	-	-	-	-
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	-	-	-	-	-	-
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	-	-	-	-	-	-

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	-	-	-	-	-	-
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	-	-	-	-	-	-
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	-	-	-	-	-	-
6.4. Samráð um kennslu	-	-	-	-	-	-
6.5. Samvinna um kennslu	-	-	-	-	-	-

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	-	-	-	-	-	-
7.2. Símenntunarpörf kennara	-	-	-	-	-	-
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	-	-	-	-	-	-
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	2	-	-	-	-

Samantekt

Skólastjórnendur hafa rýnt í gögnin á bak við niðurstöðurnar þar sem þær sýna ekki alveg skýra mynd sökum fámennis. Þar sem það eru aðeins tveir kennarar starfandi, þá birta niðurstöðurnar ekki svörin sem snúa eingöngu að kennurunum til þess að gæta persónuverndar. Niðurstöðurnar

sýna almenna ánægju með starf skólans og stjórnendur og upplifir starfsfólk stuðning næsta yfirmanns. Einhverjir telja að vinnuaðstæður mættu vera betri en unnið er að endurbótum svo vinnuumhverfið uppfylli nútímakröfur.

Foreldrakönnun Skólapúlssins

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra grunn- og leikskólabarna og var svarhlutfallið 72,7% hjá foreldrum grunnskólabarna en 92,3% hjá foreldrum leikskólabarna. Spurt er um 5 þætti í leikskólanum annars vegar og 5 þætti í grunnskólanum hins vegar:

Leikskóli:

1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	100,0%	9	0,0%	91,8%	4562/4955	8,2%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	100,0%	11	0,0%	93,6%	4831/5136	6,4%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	6	0,0%	94,8%	3056/3224	5,2%
1.4. Sérþarfir í mataræði	8,3%	1/12	-20,3%	14,4%	758/5260	-6,1%
1.5. Hollt mataræði	83,3%	10/12	-16,7%	93,8%	4856/5169	-10,5%
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	81,8%	9/11	-3,9%	87,0%	4648/5327	-5,2%

2. Námsumhverfi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	100,0%	8	0,0%	88,1%	3002/3382	11,9%
2.2. Aðstaða	90,0%	9/10	4,3%	91,7%	3924/4259	-1,7%
2.3. Félagsleg samskipti	100,0%	9	0,0%	94,3%	3917/4140	5,7%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	9	0,0%	96,7%	3394/3507	3,3%

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	88,9%	8/9	3,2%	78,3%	3473/4406	10,6%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	66,7%	8/12	-19,0%	81,6%	4058/4948	-14,9%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	91,7%	11/12	-8,3%	93,5%	4671/4991	-1,8%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólalastarfinu	90,0%	9/10	23,3%	78,4%	3517/4472	11,6%
3.5. Tímasetning viðburða	77,8%	7/9	11,1%	89,5%	4247/4738	-11,7%
3.6. Heimasíða leikskólans	72,7%	8/11	1,3%	82,5%	3366/4020	-9,8%
3.7. Leikskólasmáforrit	41,7%	5/12	-	82,4%	4165/5037	-40,7%*

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	-	-	-	-	-	-
4.2. Flutningur milli skólastiga	-	-	-	-	-	-
4.3. Flutningur milli deilda	100,0%	4	-	90,3%	2474/2742	9,7%

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	16,7%	2/12	16,7%	15,7%	725/4645	1,0%
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	8,3%	1/12	8,3%	9,9%	491/5032	-1,6%

Samantekt

Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með störf og starfsfólk leikskólans. Einhverjir telja sig ekki þekkja námskrá og stefnu skólans nægilega vel og því mikilvægt að bregðast við því. Leikskólasmáforritið Karellen skorar ekki hátt hjá sumum, þar sem áskoranir og bilanir hafa verið bæði varðandi smáforritið og stærra kerfið hjá Karellen. Einnig mætti starfsfólk vera duglegra að setja inn myndir í kerfið.

Grunnskóli

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,3	7	-1,1	5,0	3.536	-0,7*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	100,0%	5	0,0%	87,6%	2832/3221	12,4%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	87,5%	7/8	9,7%	85,7%	2914/3414	1,8%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	62,5%	5/8	-4,2%	68,1%	2232/3270	-5,6%

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	3,7	8	-1,5	4,7	3.231	-1,0
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	87,5%	7/8	-12,5%	86,8%	2908/3341	0,7%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	87,5%	7/8	-12,5%	90,2%	3163/3517	-2,7%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	87,5%	7/8	-12,5%	89,9%	3126/3491	-2,4%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	87,5%	7/8	-1,4%	89,6%	3112/3471	-2,1%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	0%	0/8	-	9,7%	354/3473	-9,7%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	-	-	-	-	-	-
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	-	-	-	-	-	-
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	-	-	-	-	-	-
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	100,0%	3	20,0%	75,6%	1559/2021	24,4%
2.11. Meðaltímabil eineltis	-	-	-	-	-	-
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	0	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	62,5%	5/8	-	39,9%	1399/3433	22,6%

Sjálfsmatsskýrsla Árskógar skólaárið 2023-2024

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,0	8	-1,2	5,3	3.413	-1,3
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	-	-	-	-	-	-
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/fristundaheimili	28,6%	2/7	-7,1%	60,4%	2128/3359	-31,8%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	5	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	100,0%	8	22,2%	76,1%	2426/3134	23,9%
3.6. Notkun á mataráskrift	100,0%	8	0,0%	92,1%	3233/3487	7,9%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	-	-	-	-	-	-

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,8	8	-0,3	4,9	3.317	0,9
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	85,7%	6/7	7,9%	59,6%	1691/2793	26,1%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	85,7%	6/7	7,9%	65,9%	1667/2460	19,8%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	100,0%	8	0,0%	92,7%	3113/3337	7,3%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	8	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	42,9%	3/7	0,0%	50,6%	1467/2934	-7,7%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	100,0%	6	16,7%	85,9%	2196/2561	14,1%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	85,7%	6/7	-3,2%	79,2%	2564/3217	6,5%
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	75,0%	6/8	-13,9%	71,8%	2539/3457	3,2%

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	8	-0,3	4,8	3.426	0,2
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,8	8	0,2	4,5	3.417	0,3
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	87,5%	7/8	-1,4%	76,4%	2350/3069	11,1%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	62,5%	5/8	-4,2%	53,2%	1776/3274	9,3%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	37,5%	3/8	-5,4%	71,8%	1812/2592	-34,3%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	25,0%	2/8	10,7%	17,1%	464/2592	7,9%

Samantekt

Stjórnendur rýndu í niðurstöður og kemur þar fram að foreldrar eru almennt ánægðir með nám og kennslu í skólanum, stjórnun og starfið almennt. Agamál eru hins vegar eitthvað sem þarf að taka fastari tökum og er sú vinna komin vel á veg, m.a. með því að bæta verkferla skólans varðandi agamál og unnið er að því að allir í skólasamfélaginu fylgi Uppbyggingarstefnunni og hafi sömu sýn á ófrávíkjanlegar reglur og skýr mörk. Eins og með foreldra leikskólabarna þá eru einhverjir sem telja sig ekki nægjanlega upplýsta um stefnu og námskrá skólans og mikilvægt að bregðast við því. Einnig þarf að auka þátttöku foreldra í setningu námsmarkmiða með börnum sínum. Árskógarsskóli er símalaus skóli og virðist almenn ánægja með það fyrirkomulag.

Tengslakönnun

Árskógarsskóli hefur ekki tekið þátt í nemendakönnun Skólapúlsins undanfarin ár vegna fámennis en venjan er að leggja fyrir leik- og grunnskólanemendur könnun um líðan þeirra í skólanum, áhugamál og upplifanir. Einnig eru nemendur spurðir að því hjá hverjum þeir vilja helst sitja og vinna með í kennslustundum og með hverjum þeir vilja helst leika. Því miður var tengslakönnunin ekki lögð fyrir nemendur í ár en stefnt er á að gera betur á næsta skólaári.

Fundir og viðtöl

Kennarafundir

Kennarar funduðu að jafnaði vikulega á grunnskólastigi og héldu samráðsfundi eftir þörfum þess utan. Á kennarafundi var farið yfir liðna atburði og jafnóðum lagt mat á hvernig gengið hefði og hvað hefði betur mátt fara. Einnig var farið yfir og skipulagt viðburði sem framundan voru og málefni nemenda rædd. Á grunnskólastigi sátu deildarstjóri og grunnskólakennarar fundinn. Sameiginlegur fundur leik- og grunnskólakennara var komið á og var reynt að hafa hann vikulega. Þar var farið yfir sameiginleg verkefni, uppbrotsdaga og nemendamál.

Deildarfundir leikskólastigs voru haldnir reglulega yfir skólaárið. Á deildarfundum var farið yfir liðna atburði og lagt mat á hvernig gengið hefði og hvað hefði betur mátt fara. Þá var farið yfir komandi atburði. Farið var yfir stöðu nemenda, starfsfólk skipti milli sín verkum og stilltu saman

strengi. Þá voru fagleg málefni rædd reglulega hvernig við ætlum að efla okkur í ákveðnum þáttum. Leikskólakennari, leikskólaleiðbeinendur og deildarstjóri sátu fundina.

Teymisfundir með foreldrum

Mynduð voru teymi utan um þá nemendur skólans sem víkja frá bekkjarnámskrá á einn eða annan hátt. Þetta var gert með það í huga að auðvelda heimili og skóla að vera samstíga við að finna leiðir til að ýta undir farsæla skólagöngu nemenda. Teymin funduðu ásamt foreldrum reglulega yfir veturinn en það fór eftir þörfum hvers og eins hversu oft var fundað. Í teyminum sátu deildarstjóri og umsjónarkennari/hópstjóri nemandans og í einhverjum tilfellum þroskaþjálfari.

Samráðsviðtöl leikskólastigs

Allir foreldrar voru boðaðir í viðtal tvisvar í vetur, í október og febrúar. Auk þess voru foreldrar boðaðir í viðtöl þegar þörf var á. Í fyrra viðtalinu var farið sérstaklega yfir áhersluatriði kennarans hvað varðar barnið og foreldrar höfðu þá tækifæri til að koma með óskir og væntingar. Seinna viðtalið var skrifað með stuðningi af þroskalistum sem fylltir voru út yfir árið og almennt um stöðu barnsins. Í viðtölunum komu fram gagnlegar upplýsingar sem nýttust bæði heimili og skóla í áframhaldandi vinnu.

Samráðsviðtöl á grunnskólastigi

Nemendur grunnskóla og foreldrar mættu á samráðsfund tvisvar á árinu, 26. september og 26. janúar, þar sem umsjónarkennari fór meðal annars yfir framkomu, líðan, styrkleika, veikleika og leiðir að markmiðum ræddar. Það var markmið okkar að viðtölin væru skilvirk og uppbyggjandi fyrir barnið og sett upp þannig að um samtalið væri að ræða. Viðtölin gengu vel að mati umsjónarkennara og komu fram margar gagnlegar upplýsingar sem nýttust bæði heimili og skóla.

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtölin náðust ekki nema að hluta vegna erfiðra aðstæðna. Markmiðið er að stjórnandi og starfsmaður setjist niður í góðu tómi og ræði um þau atriði sem mikilvæg eru fyrir frammistöðu þeirra beggja og vinnustaðarins. Deildarstjóri hittir starfsfólk og fer yfir punktana og kemur með sína á móti. Ljóst er að slíkt samtalið er mikilvægt og gagnlegt til að skoða starf hvers

og eins og varpa ljósi á hvar skólinn stendur og hvert hann stefnir. Mikilvægt að gera betur á næsta skólaári.

Starfsþróun kennara

Grunnskólakennarar og leikskólakennarar halda sjálfir utan um sína endurmenntun og skrá hana jafnóðum inn í Vinnustund. Þetta er endurmenntun sem almennt er fyrir utan skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla og er það gert í samráði við skólastjóra/deildarstjóra. Í ár voru aðallega setin námskeið vegna innleiðingar teymiskennslu og leiðsagnarmats en einnig varðandi grænánaverkefnið og skólaþróun.

Próf og skimanir

Hljóm 2

Hljóm 2 er próf til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólastigs sem er framkvæmt í september. Athugunin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessarar athugunar er að vera með snemmtæka íhlutun hjá þeim börnum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Rýnt var í niðurstöður að prófi loknu og unnið að því þjálfva markvisst hljóð- og málvitund þar sem upp á vantar í skólahópnum. Prófið var lagt fyrir nemendur í september og fyrir þá sem ekki náðu meðalfærni aftur í febrúar. Foreldrar voru kallaðir í viðtöl eftir bæði skiptin og farið yfir stöðu og komið með tillögur af áframhaldandi vinnu.

Orðaskil

Orðaskil-málþroskapróf eftir Elínu Þöll Þórðardóttur. Þetta málþroskapróf byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna og hvort þau hafi náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Niðurstöður voru teknar og ræddar á starfsmannafundi ásamt því að boða foreldra í viðtöl og koma með tillögur af íhlutun. Unnar voru myndir upp úr þessum lista til þess að auðveldara væri að vinna sérstaklega með ákveðna þætti.

TRAS

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuþvikling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum eru byggðar á niðurstöðum þekktra atferlis- og málþroskakvarða og kenningum Chomskys um algildi tungumála.

Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili, skráir leikskólakennari á skráningarblaðin svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Ekki er um eiginlega fyrirlögn að ræða heldur leitar sá leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi.

Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum flokkast undir þrjú færnisvið sem hvert um sig á ákveðinn lit á skráningarblaðinu.

1. Samleikur, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting.
2. Málskilningur og málmeðvitund.
3. Framburður, orðaforði og setningamyndun.

Markmið með TRAS skráningarlistanum er:

- Að unnt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik.
- Að foreldrar og aðrir fullorðnir í umhverfi barns fái ráðgjöf og leiðbeiningar. Það getur dregið úr áhyggjum og gefið innsýn í hvernig best væri að hjálpa barninu.
- Að reynt sé að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

Upplýsingarnar sem þessir listar gefa leikskólakennurunum eru nýttir í markmiðssetningu og við að finna kennsluúrræði við hæfi. Foreldrar fengu að sjá listann í foreldraviðtölum og rædd voru sérstaklega þau atriði og þeir þættir sem þyrfti að huga að og hvernig best væri að vinna með þá. Prófunin er gerð tvisvar á ári á hverju barni og fer það eftir afmælisdegi barnsins hvenær hún fer fram. Skráningin hefst þegar barn er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tras var lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum. Kennarar héldu áfram að fylgjast með og fylla út í þennan lista hjá þeim börnum sem ekki voru búin að ná öllum þáttum.

MIO

MIO var fundið upp í Noregi árið 2008 og þýtt og staðfært yfir á íslensku. MIO er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með stærðfræðipækkingu tveggja til fimm ára barna.

Markmið með MIO:

- Efla stærðfræðivinnu með ungum börnum
- Stuðla að framförum í stærðfræði
- Finna þau börn sem þurfa sérstaka örvun tengda stærðfræði

MIO skoðar talningu og fjölda, þrautalausnir og rúmfræði. Líkt og í TRAS skráir leikskólakennari, tvisvar á ári, á skráningarblöðin svör við ákveðnum spurningum um stærðfræðiproska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Ekki er um eiginlega fyrirlögn að ræða heldur leitar sá leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi.

Íslenski málhljóðamælirinn

Íslenski málhljóðamælirinn er íslenskt skimunartæki í framburði og hljóðkerfispáttum. Þetta er smáforrit í spjaldtölvu. Það metur hvaða börn þarf sérstaklega að gefa gaum vegna áframhaldandi vísun til talmeinafræðings eða vegna inngrips/aðstoðar í skóla. Þetta tæki gefur einnig kost á að fylgjast með framförum og breytingum á framburði barna.

Íslenski málhljóðamælirinn var lagður fyrir eftir þörfum. Foreldrar fengu niðurstöður í foreldraviðtali og tillögur af vinnu heima eftir því hvar börnin voru stödd. Kennarar tóku saman málhljóð sem vantaði og fóru í einstaklingsvinnu með þeim börnum.

Þroskalisti leikskólastigs

Þroskalisti leikskólastigs var fylltur út en markmiðið með honum er að skoða þroskastöðu og hæfni og staðsetja börn samkvæmt viðmiðun. Fyrir þau börn sem voru ekki aldursamsvarandi (víkja frá meðal viðmiðunarfærni) í einhverjum þáttum var gerð áætlun um íhlutun og komið til móts við þau í hópastarfi.

Stafa- og hljóðakönnun

Stafa- og hljóðakönnun og einnig könnun sem reynir á ritun bókstafa út frá hljóði lögð fyrir elstu nemendur leikskólastigs og farið yfir niðurstöður með foreldrum í viðtali. Unnið var með vissa þætti út frá niðurstöðum í kjölfarið, til dæmis í gegnum Byrjendalæsi.

Lesfimi Lesferils

Lesfimiþróf Lesferils (orð á mínútu, góð lesfimi er samsett færni sem felst í því að lesa hratt, af nákvæmni og með eðlilegum áherslum og hrynjanda) voru lögð fyrir alla nemendur 2.-7. bekkjar Árskógarsskóla. Einnig voru allir nemendur prófaðir í *sjónrænum orðaforða* (barn með mikinn sjónrænan orðaforða hefur lært að lesa myndir sem heild og þarf ekki að lesa myndina staf fyrir staf og efla þannig sjónminni og lesfimi almennt) og *orðleysu* (hljóðakeðjur sem búnar eru til úr bókstöfum þar sem hver bókstafur stendur fyrir ákveðið málhljóð). Lestur orðleysis er talin vera ein besta aðferðin til að meta hvernig nemandi ræður við að nota hljóðaaðferðina við umskráningu sem gerir lesanda mögulegt að umskrá ný og áður óþekkt orð (Menntamálastofnun, 2016).

Eftir hverja prófun var í framhaldinu rýnt í niðurstöður hvers nemanda. Umsjónarkennarar, stuðningsfulltrúi og deildarstjóri/sérkennari funduðu um hvern nemanda og fundu í sameiningu kennsluúrræði sem líkleg væru til að henta. Lestraræfingarnar voru framkvæmdar inni í bekk en í undantekningartilvikum unnu nemendur með sérkennara/deildarstjóra í námsveri. Lesfimiþrófið er nýtt sem lesskimun í Árskógarsskóla og eftir að niðurstöður voru ljósar var þeim nemendum sem ástæða þótti til boðið í LOGOS greiningu (sem greinir dyslexiu eða aðra lestrarerfiðleika) hjá sérkennara. Prófin voru lögð fyrir nemendur Árskógarsskóla í september, janúar og maí.

Lesskimun Lesferils

Lesskimun er hluti af Lesferli en það er eingöngu lagt fyrir nemendur í 1. bekk í október (prófið hét áður Leið til læsis – lesskimun fyrir 1. bekk). Í þessari skimun er staða nemenda könnuð hvað varðar eftirfarandi þætti:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa- og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Niðurstöður almennt gefa kennurum vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám. Annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda hvað varðar lesskilning. Þetta skólaár voru engir nemendur í 1. bekk og þessi lesskimun því ekki lögð fyrir.

Stærðfræðiskimun

Vanalega er lögð stærðfræðiskimun fyrir nemendur í 1. bekk þar sem kannaður er frumskilningur á reikniaðgerðum og þekking á tölum. En þar sem enginn 1. bekkur var þennan veturinn var þessi skimun ekki lögð fyrir.

Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem er lagt fyrir nemendur í 3.-7. bekk í Árskógarsskóla. Prófið reynir á nemendur hvað varðar:

- Að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar.
- Að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta.
- Að átta sig á meginefni texta.
- Að útskýra orð og orðasambönd.

Prófin voru lögð fyrir tvisvar sinnum á skólaárinu, í október og apríl. Eftir hvora prófun var rýnt í niðurstöður hvers nemanda og í framhaldinu skoðað hvaða námsaðferðir henta til að koma betur til móts við nemendur við að efla lesskilning þeirra. Lesskilningur nemenda almennt er á niðurleið og ljóst að þörf er á inngripi og örvun.

Ábyrgð og þátttaka nemenda

Nemendaráð

Nemendaráð fundaði með deildarstjóra alls fjórum sinnum á skólaárinu. Umræðuefni fundanna tengdust helst félagsmálum, námi, kennsluháttum og aðbúnaði. Ýmis mál sem brunnu á nemendum voru rædd og yfirleitt fundin lausn í sameiningu á fundunum. Nemendaráð hélt virkilega flott og metnaðarfullt hrekkjavökuball og söfnuðu, að eigin frumkvæði, fyrir ýmis konar búnaði og leikföngum fyrir leik- og grunnskólann sem þau síðan afhentu á gæðastund skólans þar sem þau sögðu frá tilgangi söfnunarinnar. Virkilega vel skipulagt hjá þeim og metnaðarfullt starf.

Matsmöppur

Matsmappa nemenda í 2.-7. bekk fór heim einu sinni á skólaárinu, í maímánuði, en æskilegt er að mappan fari heim tvisvar á hverjum vetri. Nemendur og kennarar völdu verkefni í möppuna. Mappan er gjarnan nýtt sem samræðugrundvöllur og gagn til markmiðssetningar í viðtölum kennara við foreldra og nemendur annars vegar og í viðtölum kennara við nemendur hins vegar. Mappan á að vera stuðningur fyrir nám nemandans. Í hana fara verkefni sem nemandinn hefur sjálfur átt þátt í að velja og rökstutt það val. Kennari velur einnig verkefni í möppuna og rökstyður sitt val þannig að það hafi hvetjandi og uppbyggjandi áhrif á nám nemandans. Markmiðið með matsmöppunni er einnig að tengja saman heimili og skóla og að nemendur segi foreldrum frá því sem þeir eru að gera í skólanum. Sóknarfæri í möppunum eru helst að fjölga leiðum fyrir foreldra til að fylgjast með og styðja við nám barna sinna. Matsmappan fór einungis einu sinni heim á þessu skólaári vegna álags og mannekluvandamála. Næstkomandi haust er mikilvægt að setjast niður og endurskoða hlutina.

Öryggisþættir

Í upphafi ársins voru mætingalistar, slysaskýrslur, skoðunarlistar fyrir skólalóð og leiktæki yfirfarið ásamt því að tryggja það að slökkvitæki, viðvörunarkerfi og ýmsar viðbragðsáætlanir hafi verið í lagi til þess að tryggja öryggi barna og starfsfólks. Tvær rýmingaræfingar voru haldnar í vetur sem allir nemendur og starfsmenn tóku þátt í. Virk rýmingaráætlun er í gildi fyrir bæði hús og þess gætt að neyðarútgangar séu ávallt greiðfærir. Þessar æfingar eru gerðar árlega og mátti

sjá á æfingum vetrarins að þær bera árangur þar sem eldri nemendur þekkja rýmingaráætlunina vel.

Sérkennsla/stuðningur

Skólaárið 2023 - 2024 fékk eitt barn á leikskólastigi sérkennslu og tveir nemendur á grunnskólastigi sérkennslu eða sérstaka aðstoð í styttri eða lengri tíma. Sérþörfum nemenda var mætt með mismunandi hætti en ýmist fengu nemendur að vinna í námsveri eða í heimastofu og var tekið mið af óskum og þörfum hvers og eins. Það hefur gengið nokkuð vel að koma til móts við alla nemendur í skólanum í vetur þrátt fyrir álag, agavandamál og manneklu. Ávallt var haft í huga að kennsla nemanda færi sem mest fram í almenntri kennslustofu og var unnið að því markvisst að aðstoða nemendur við að sýna ábyrgð og sjálfstæði í eigin námi við að vinna að markmiðum sínum í heimastofu. Rík áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og þannig leitast við að fyrirbyggja náms- og agavandamál seinna á skólagöngunni.

Grænfáninn

Verkefnisstjóri Grænfánans í ár var Helena Margrét Ásgerðardóttir. Þema vetrarins var lífbreytileiki. Nemendur kynntust ótal dýrategundum og plöntum, rannsökuðu búsvæði þeirra og lærðu hvernig þau hafa áhrif á hvert annað og mannfólkið líka. Skoðað var hvernig smávægilegar breytingar á umhverfi geta haft stórar afleiðingar á lífríkið og á okkur sjálf. Nemendur hafa unnið hörðum höndum að því að rannsaka og skilja hvernig allir geta lagt sitt af mörkum til að vernda lífbreytileika, hvort sem það er með því að draga úr úrgangi, planta fleiri trjám, eða einfaldlega með því að vera meðvitaðri um áhrif okkar á umhverfið. Þetta verkefni hefur sýnt okkur að jafnvel litlar aðgerðir geta skipt miklu máli. Við höfum einnig lært að með samvinnu og samstöðu getum við haft jákvæð áhrif á framtíð okkar og þeirra sem á eftir okkur koma. Lífbreytileiki er grundvöllur heilbrigðs vistkerfis og mannlífs. Með því að halda áfram að fræða okkur sjálf og aðra, stuðla að verndun og endurheimt náttúrunnar, erum við að tryggja að komandi kynslóðir fái notið alls þess sem náttúran hefur upp á að bjóða.

Námsmat

Skil skólastiga

Formlegur skilafundur var haldinn milli leik- og grunnskólastigs eins og tíðkast hefur. Leikskólakennari fyllti út eyðublað fyrir hvert barn og skilaði því til grunnskólakennara. Grunnskólakennari lýkur við að fylla þessi eyðublöð næsta skólaár. Þetta plagg er til upplýsingar um stöðu barnsins á leikskólaaldri og til lok 1. bekkjar. Staða barnsins ætti því að vera enn skýrari og kennari getur nýtt upplýsingarnar til að efla og styrkja starf skólans á skilum skólastigana.

Vitnisburður á grunnskólastigi

Vitnisburður er gefinn tvisvar á ári í lok haust- og vorannar. Við lok haustannar fengu nemendur umsagnir um hvert fag, upplýsingar birtast í Mentor og nemendur fengu einnig útprentað eintak. Í lok vorannar var sami háttur á þar sem nemendur fengu umsagnir fyrir allar námsgreinar. Vitnisburður er samandregið mat kennara og samantekt á vinnu nemenda yfir veturinn. Það nær yfir hæfni nemanda, leikni og skilning innan hvers námssviðs eða námsgreinar með tilliti til settra markmiða aðalnámskrár en einnig tekur það til vinnusemi, hegðunar og framkomu samkvæmt umsögn kennara. Vitnisburður vorannar var aðgengilegur foreldrum í Mentor en einnig afhentur á skólaslitum 3. júní. Á næsta skólaári verður haldið áfram að þróa námsmat og stefnt er að því að taka upp hæfnikort í Mentorkerfinu sem gefur upplýsingar og yfirsýn yfir þá hæfni sem nemendur hafa náð.

Starfsáætlun

Gengið hefur ágætlega að vinna að verkefnum sem tilgreind voru í starfsáætlun skólans þrátt fyrir manneklu, agavandamál og aðrar áskoranir. Samstarf við Dalvíkurskóla mætti vera meira og í fastari skorðum. Þó hefur sérkennari komið reglulega í vetur en viðvera þroskaþjálfar var minni en áætlað var. Lestrarmálum, greiningu og stuðningi, var vel sinnt í vetur. Unnið var eftir læsisstefnu Dalvíkurbyggðar. Ekki náðist að breyta námsmati sem byggir á hæfni og birtist í hæfnikortum Mentors en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á næsta skólaári. Frá haustinu 2020 hafa nemendur sótt sund og smíðakennslu á Dalvík og hefur það gengið vel og mun það fyrirkomulag halda áfram.

Teymiskennsla og leiðsagnarnám - þróunarverkefni

Áfram verður unnið í samstarfi við Miðstöð skólapróunar Háskólans á Akureyri um innleiðingu á teymiskennslu og leiðsagnarnámi. Teymisstjóri mun sitja fundi með verkefnastjóra frá háskólanum og stýra fundum með sínu teymi og umsjónarkennarar munu sitja fundi varðandi leiðsagnarnám ásamt deildarstjóra.

Umbótaáætlun

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Menntastefna - Skipulag og stjórnun (aðgerðir) Deild Skólinn Ábyrgð Sigmundsdóttir, Helga Lind	Fjöldi heimsókna skólastjóra/skólastjórnaenda í hvern námshóp/deild á önn.	Skipuleggja heimsóknir í námshópa yfir veturinn.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Metið í samstarfi við gæðaráð og kennarateymi.	Tvær heimsóknir í alla námshópa á hverju skólaári.
	Hlutfall kennara sem telja sig fá faglega endurgjöf/leiðsögn frá skólastjórnaenda.	Starfsmannafundur þar sem rætt er um áskoranir í starfi og það sem vel gengur. Unnið að lausnum.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Könnun á meðal starfsfólks.	100% kennara sem fá faglega endurgjöf.
	Hlutfall starfsfólks sem telur sig hafa áhrif á stjórnun skólans.	Auka þarf valddreifingu innan skólans þannig að aðilar upplifi sig hafa áhrif á stjórnun skólans. Stofna gæðaráð sem vinnur að innra mati skólans.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Könnun á meðal starfsfólks.	95% telji sig hafa áhrif á stjórnun skólans.

Sjálfsmatsskýrsla Árskógar skólaárið 2023-2024

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Nám og leikur er að stórum hluta skipulagt í þemum/viðfangsefni þvert á námsgreinar/námssvið.	Setja stundaskrá upp með sveigjanlegum hætti	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Lokið / Ólokið	Nám og leikur er skipulagt í þemum/ viðfangsefni þvert á námsgreinar/námssvið í samræmi við menntastefnu.
	Stjórnendur fylgjast reglubundið með starfsháttum - heimsóknir	Skipuleggja heimsóknir og framkvæma tvær heimsóknir á hvern námshóp/deild á önn.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Fjöldi heimsókna í teymi/deildir pr. önn	Að stjórnendur fylgist reglubundið með starfsháttum og taki virkan þátt í samræðu um leik, nám og kennslu, þar sem stöðug endurgjöf er hluti af daglegu starfi.
	Teymiskennsla / teymisvinna er viðhöfð í öllu skólastarfi - könnun	Leggja fyrir könnun og samræðuhópa varðandi teymisvinnu.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Lokið / ólokið	Að teymiskennsla og teymisvinna sé viðhöfð í öllu skólastarfi þar sem teymi kennara og starfsmanna bera sameiginlega ábyrgð á námi, leik og kennslu.
	Teymiskennsla / teymisvinna er viðhöfð í öllu skólastarfi.	Úthluta öllum teymi	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Hlutfall starfsfólks í skilgreindu teymi	Teymiskennsla/teymisvinna er viðhöfð í öllu skólastarfi þar sem teymi kennara og starfsmanna bera sameiginlega ábyrgð á námi, leik og kennslu.

Sjálfsmatsskýrsla Árskógar skólaárið 2023-2024

Svið - Nám og kennsla

Umbótapáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Menntastefna - Foreldrar og grenndarsamfélag (aðgerðir) Deild Skólinn Ábyrgð Sigmundsdóttir, Helga Lind	Að kennarar ýti undir frumkvæði nemenda við val á viðfangsefnum	Vettvangsathugun - innlit í kennslustundir þar sem metið er hvort kennarar ýti undir frumkvæði nemenda	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu		
	Fjölbreyttar námsmatsaðferðir	Tryggja að fjölbreyttar námsmatsaðferðir séu notaðar í samræmi við menntastefnu	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Vettvangsathugun	Fjölbreyttar námsmatsaðferðir eru notaðar í samræmi við menntastefnu
	Hlutfall foreldra sem segja upplýsingamiðlun um líðan, nám og framfarir nemenda vera gagnkvæma.	Samráðsviðtöl tvisvar sinnum yfir árið. Auka notkun á Mentor, hafa kynningu fyrir foreldra á notkun Mentor.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Spurningakönnun meðal foreldra.	90% hlutfall foreldra sem segja upplýsingamiðlun um nám og framfarir barna sinna vera gagnkvæma.
	Hlutfall foreldra sem tekur þátt í mati á framförum barna sinna.	Nemendur ráða verkefnum sínum þannig að þeir viti markmiðin en þurfi að setja fram plan hvernig þeir ætli að ná markmiðum námsefnisins með	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Kannanir lagðar fyrir foreldra.	Að 90% foreldra taki þátt í mati á framförum

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
		aðstoð foreldra og kennara. Nemendur kynna markmið sín í samráðsviðtölum fyrir foreldrum og fara svo yfir hvernig hefur gengið í næstu foreldrasamtölum og hver séu næstu skref.					barna sinna á samráðsfundum.
	Hlutfall foreldra sem telja sig virka samstarfsmenn í skipulagi skólans í heild	Efla og styrkja aðkomu foreldra að starfi skólans og gefa þeim tækifæri til að hafa frumkvæði að málefnum skólans og skipulagi.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Spurningakönnun meðal foreldra.	80% foreldra telji sig virka samstarfsmenn skólans.
	Hvetja foreldra til að taka þátt í gerð einstaklingsáætlana	Hafa foreldra í meira samráði varðandi einstaklingsáætlunir	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu		Foreldrar taka þátt í gerð einstaklingsáætlana
	Kennarar vinna samkvæmt menntastefnu	Upplýsa kennara um stöðu menntastefnunnar	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu		
	Markmiðum og leiðum um gagnkvæm tengsl skóla og grenndar er lýst í skólanámskrá	Lýsa markmiðum og leiðum um gagnkvæm tengsl í skólanámskrá	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað		

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

Svið - Nám og kennsla

Umbótapáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Menntastefna - Starfsfólk (aðgerðir) Deild Skólinn Ábyrgð Sigmundsdóttir, Helga Lind	Fjölbreyttar aðstæður til sjálfstæðs náms og leiks eru sýnilegar á námssvæðum	Vettvangsathugun - athugun á aðstæðum til náms	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu		
	Fjölbreyttar aðstæður til sjálfstæðs náms og leiks eru sýnilegar á námssvæðum.	Kennslugögn aðgengileg og fjölbreytt á vinnusvæðum nemenda sem og kennslubúnaður.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Athugun á aðstæðum til náms, innlit í kennslustofur og kennslusvæði.	Fjölbreyttar aðstæður, sýnilegt í skólanum.
	Hlutfall kennara sem telja að ábyrgð á leik, námi og velferð hvíli á teyminum kennara	Útskýra betur hlutverk teyma, ábyrgð og að nám og kennsla sé sameiginleg ábyrgð allra í teyminu.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Könnun meðal kennara. Samtal stjórnenda við teymi og einstaka kennara.	100% hlutfall sem telur að ábyrgð hvíli á teymi kennara.
	Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni.	Nemendasamtöl við alla nemendur 3x á ári í september, janúar og apríl.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Spurningakannanir á meðal foreldra, nemenda og starfsmanna.	Allir nemendur taki þátt í að meta námið.

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra, með markmiðum um fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.	Virkja samstarf kennara, nemenda og foreldra við áætlanagerð með nemendasamtölum	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Hlutfall nemenda sem setur sér markmið í námi, spurningakönnun á meðal foreldra.	Nemendasamtöl við alla nemendur 3x á ári. Nemendastýrð samtöl með foreldrum 2x á ári, í september & janúar. Nemendur þurfa að undirbúa sig fyrir viðtölin með aðstoð kennara.
	Nemendur verða virkir þátttakendur í mati á námi sínu og framförum.	Styrkja kennara í að fá nemendur til að meta námið og framfarir. Nemendur svara sjálfmati og jafningjamati að loknum verkefnum.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Spurningakannanir á meðal foreldra, nemenda og starfsmanna.	Allir nemendur taki þátt í að meta námið.

Svið - Menntastefna sveitarfélagsins

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Menntastefna Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun (aðgerðir) Deild Skólinn Ábyrgð Sigmundsdóttir, Helga Lind	Fjölbreytt gagnaöflun og markviss nýting ytri gagna. Áhersla á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Matsaðferðir í stöðugri þróun.	Markmið sett og matsáætlanir gerðar.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Lokið/ólokið	
	Fulltrúar allra hagsmunaaðila virkir í matsteymi. Niðurstöður markvisst notaðar til umbóta samkvæmt áætlun þar um. Samvinna og samræður allra hagsmunaaðila um umbætur og þróunarstarf.	Virkt gæðaráð sem nýtir markvisst niðurstöður til umbóta. Skólaráð fundi reglulega og tryggja að námsnefnd sé virk.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Gæðaráð fylgist með að fundir séu haldnir og fundargerðir ritaðar og fylgir eftir að unnið sé eftir umbótum. Könnun lögð fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.	Að 95% hagsmunaaðila telji sig virka í mati á umbótum og þróunarstarfi.

Sjálfsmatsskýrsla Árskógar skólaárið 2023-2024

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Hlutfall starfsfólks sem telur sýnina skýra og að hún birtist í daglegu skólastarfi.	Fara yfir stefnuplagg skólans um áherslur og sýn/stefnu skólans á haustfundi starfsfólks og reglulega yfir skólaárið. Teymi vinna allt skólaárið að þessum þætti allt skólaárið.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Teymi meta á teymisfundum hvernig sýnin birtist í starfsháttum. Könnun lögð fyrir og metið á starfsmannafundum.	
	Í starfsþróunaráætlun kemur skýrt fram hvaða breytingar eiga að eiga sér stað á leik og námi nemenda í kjölfar náms kennara/starfsfólks.	Tryggja að í starfsþróunaráætlun komi skýrt fram hvaða breytingar eiga sér stað í kjölfar endurmenntunar starfsfólks, t.d. Byrjendalæsi, teymiskennsla og leiðsagnarnám.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Lokið/Ólokið. Stjórnendur, gæðaráð, teymi meta hvort árangur mælist út frá starfsþróunaráætlun. Nemendur og foreldrar spurðir í viðtölum. Allir kennarar skila inn starfsþróunarblaði til stjórnenda.	Niðurstöður kannana meðal hagsmunaaðila og önnur gögn, t.d. viðtöl sýni aukinn námsárangur.
	Skýr sýn sem birtist í daglegu starfi og fá, hnitmiðuð meginmarkmið ásamt skilgreindum viðmiðum um árangur – sem allt skólasamfélagið	Tryggja að sýn menntastefnunnar birtist í daglegu starfi. Leggja fyrir könnun um árangur árlega.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Könnun lögð fyrir árlega	Skýr sýn birtist í daglegu starfi og fá, hnitmiðuð meginmarkmið ásamt skilgreindum viðmiðum um árangur – sem allt skólasamfélagið þekkir og

Sjálfsmatsskýrsla Árskógar skólaárið 2023-2024

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	þekkir og hefur tekið þátt í að móta.						hefur tekið þátt í að móta.
	Starfspróun byggir á markmiðum skóla og umbótaáætlun; hún hefur skýr markmið um nám þátttakenda og breytingar á leik og námi nemenda.	Gera starfspróunaráætlun sem byggir á markmiðum skóla og umbótaáætlun. Meta starfspróun skipulega.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Lokið/ólókið	Starfspróun byggir á markmiðum skóla og umbótaáætlun.
	Virk teymisvinna með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru og hvert með öðru í lærdómssamfélagi.	Stuðla að virkri teymisvinnu.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Könnun fyrir starfsfólk	Virk teymisvinna með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru og hvert með öðru í lærdómssamfélagi.

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Stefnumótun skólans og skólanámskrá Deild Skólinn Ábyrgð Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag.	Tryggja að skilgreining á jákvæðum skólabrag komi fram í skólanámskrá.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Lokið / ólokið	Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag
	Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum og rædd meðal alls starfsfólks.	Tryggja að farið sé yfir stefnu á starfsmannafundum að hausti og reglulega yfir starfsárið.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Ekki byrjað	Starfsmannaviðtöl og rýnihópar.	

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Tryggja að skólaráð fundi reglulega Deild Skólinn Ábyrgð Arnarson, Friðrik	Tryggja að skólaráð sé myndað og virkt og fundi amk 2 á hverju skólaári.	Endurnýja skólaráð a tveggja ára fresti og senda fundarboð áður en skólaárið byrjar, festa amk 2 fundi yfir skólaárið.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Fundir per skólaár	Amk 2 fundir á hverju skólaári.

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarsskóla skólaárið 2023-2024

Svið - Innra mat

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Skólapúlsinn-foreldrar Deild Skólinn Ábyrgð Sigmundsdóttir, Helga Lind	Leggja könnun Skólapúlsins fyrir foreldra ár hvert.	Taka saman niðurstöður ár hvert til upplýsingar fyrir starfsfólk og foreldra og sem hluta af innra mati skólans.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Könnun Skólapúlsins lögð fyrir árlega	Foreldrar vel upplýstir um stöðu mála.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Skólapúlsinn-starfsfólk Deild Skólinn Ábyrgð Sigmundsdóttir, Helga Lind	Að leggja starfsmannakönnun Skólapúlsins fyrir starfsfólkið ár hvert sem hluta af innra mati	Taka saman niðurstöður fyrir starfsmenn árlega sem hluta af innra mati og nýta niðurstöður til umbóta.	02/06/2025	Sigmundsdóttir, Helga Lind	Í vinnslu	Starfsmannakönnun Skólapúlsins lögð fyrir ár hvert.	Starfsmenn og stjórnendur vel upplýstir og nýta niðurstöður til umbóta.

Lokaorð

Almennt hefur skólastarfið gengið vel þrátt fyrir mikla manneklu og aðrar áskoranir sem hafa markað þennan vetur. Margir virkilega jákvæðir þættir koma fram í niðurstöðum innra mats og í þeim könnunum sem lagðar voru fyrir hagsmunaaðila. Næsta skólaár er stefnan að taka innra matið fastari tökum og tryggja að unnið sé skipulega eftir umbótaáætlun skólans. Helstu verkefni skólans voru innleiðing á teymiskennslu og leiðsagnarmati og mun sú vinna halda áfram á næsta skólaári. Einnig er verið að innleiða matskerfið BravoLesson sem heldur utan um matskvarða og viðmið um gæði skólastarfs. Þetta kerfi auðveldar gerð umbótaáætlunar og mun það verða notað skipulega næsta skólaár. Stefnan er að auka faglegt samstarf Dalvíkurskóla og Árskógarsskóla næsta skólaár til þess að fyrirbyggja faglega einangrun kennara skólans og til þess að auka á tækifæri nemenda til fjölbreytts náms.

Friðrik Arnarson
skólastjóri Árskógarsskóla og
Helga Lind Sigmundsdóttir
deildarstjóri